

NÝ MIÐBORG eða BORGARLÍNA – SAMANTEKT

Óbreytt áform um BORGARLÍNU (BL) breyta landnotkun og byggðarmynstri í Reykjavík og á HBS verulega og auka útpenslu byggðar. Þétting á strjálbyggðum svæðunum hefur neikvæð áhrif á borgarsamfélagið. Hefðbundin aðferð er að þétta mest þar sem byggð er þétt fyrir.

Í Gamla miðbænum er lítið sem ekkert að sækja fyrir borgarbúa nema um 20.000 skólapláss og 30-40.000 umframstörf. Þar er ekki eðlileg miðborgarstarfsemi, aðeins flugvöllur og hverfi fyrir erlenda ferðamenn og gleðskap. Þangað eiga samt 3 leiðir BORGARLÍNU (BL) að liggja. Frá 1946 tók Gamla miðbænum að hnigna og í áratugi var ekki raunveruleg miðborg á Íslandi.

Borgarbúar geta ekki sinnt fjölbreyttum daglegum erindum með strætó. Róttæk þétting byggðar í NÝRRI MIÐBORG í Vatnsmýri er eina færa leiðin til mannvæns samfélags. Þannig dregur úr akstri og losun CO₂, hagur borgarbúa vænkast mjög og skilyrði fyrir strætó batna.

Þétt byggð meðfram strætóleiðum í ystu úthverfi splundrar hefbundinni miðborgarstarfsemi enn frekar en þegar er. Íbúarnir eru áfram utan göngufjarlægðar og ná ekki að sinna daglegum og margþættum erindum nema í bíl. Strætó getur ekki farið þangað, sem þeir þurfa að fara.

Mest allt skipulagsvald Reykvíkinga, sem máli skiptir, færðist til ríkisins 1946. Þá spratt upp nýtt þéttbýli í Kraganum, sem á tilurð sína, vöxt og viðgang að mestu eða öllu leiti Vatnsmýrarflugvelli að þakka. Áform um BL árið 2020 endurspeglar samstöðu Kragans og ríkisins, sem telja sig hagnast á áframhaldandi flugrekstri í Vatnsmýri á kostnað Reykvíkingar, sem fórna miklu og tapa miklu.

Með endurheimt Vatnsmýrar fellur margt af sjálfu sér í réttar skorður. Annað verður ekki aftur tekið. Mikill fjöldi landsbyggðarbúa settist td. að í glænýju þéttbýli á jörðinni Kópavogi, í Garðahreppi, í Mosfellssveit og síðar í Hafnarfirði (Kraginn). Höfuðborgarsvæðið (HBS) varð til.

Með stjórnlausri útpenslu byggðar í Kraganum varð amk. fjórföldun á víðáttu HBS miðað við það, sem ella hefði orðið. Þar með tvöfaldaðist að meðaltali ferðatími borgarbúa og lengd allra erinda, gatna, stíga, veitna og lagna. Bílaeign er hér meiri 2020 en víðast hvar á Jörðinni, losun CO₂ er mjög mikil og rekstrargrunnur almannasamgangna og nærþjónustu er löngu brostinn.

40.000 nýjir íbúar og 20.000 íbúar í Gamla miðbænum munu njóta fjölbreyttrar þjónustu án einkabíls í mannvænni NÝRRI MIÐBORG. Þeir munu taka yfir umframstörf, sem nú orsaka pendlun. Þannig dregur verulega úr akstursþörf og losun CO₂.

Amk. 40.000 aðrir íbúar á Nesinu austan Kringlumýrarbrautar og vestan Elliðaána fá tækifæri til að njóta víðtækrar þjónustu í NÝRRI MIÐBORG og í mikilli nánd við nýtt og sjálfbært kerfi strætó. Afnáam takmarkana á hæð bygginga á Nesinu gjörbreytir forsendum skipulags og samfélags. Akstur, útblástur og mengun dragast saman og rými fyrir almannasamgöngur vex.

Samtök um betri byggð (BB) í mars 2020.